

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	8.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	
Heimili	Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Þorri Þorsteinsson	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Sigþórsson	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með malbikunarstöð Akureyrar þann 8. október 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er með starfsleyfi frá 25. janúar 2017.

Dagskrá

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Skorsteinn
- Fræst malbik
- Frárennsli við bikgeymi
- Innra eftirlit og vöktun
- Græntbókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Áður en farið var í eftirlitið var eitt eldra frávík opið er varðar að styrkur kolmónoxíðs hefur mælst yfir mörkum í starfsleyfinu. Frestur var til 1. sept. 2024 að skila niðurstöðum nýrra mælinga. Beiðni um framlengingu til 1. júní 2025 var samþykkt og var gögnum skilað 23.7.2025. Mælingarnar eru innan marka en ekki innan skekkjumarka.

Fyrir eftirlitið voru einnig tvær eldri ábendingar. Önnur varðar að fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni og eru inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði (Fólkvangur í Glerárdal), sbr. Aðalskipulag Akureyrar. Í eftirlitinu var búið að fjarlægja allt af gilbrúninni.

Hin ábendingin varðar það að rekstraraðila var bent á að senda afrit af pykkarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins. Í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi kemur fram að biktankar eru undanskildir pykkarmælingum.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur.

3. Umfang starfseminnar

Í starfsleyfi kemur fram að heimilt er að framleiða 40 tn/klst, og hafa 1400m³ bikgeymir á Naustatanga. Í eftirlitinu kom fram að heildar framleiðslan á ári er um 8-10.000 ton á ári að hámarki 30 ton/klst.

4. Skorsteinn

Í starfsleyfinu kemur fram að hæðin á skorsteininum skuli vera 10 m. Í eftirlitinu kom fram að hæðin er amk 10m.

5. Fræst malbik

Ekki er notast við endurunnið malbik við framleiðsluna.

6. Frárennsli við bikgeymi

Á svæðinu er olíuskilja. Óvíst er hvort hún sé tengd við þróna undir bikgeyminum. Olíuskiljan er tæmd í upphafi og lok hvers tímabils og sýni tekið a.m.k einu sinni á ári. Ekki kom þó fram hvort um væri að ræða eiginlega sýnatöku eða strímlapróf.

7. Innra eftirlit og vöktun

Í grein 4.2 í starfsleyfi kemur fram að mæla skuli olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftari ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum hefur verið skilað til stofnunarinnar.

Í gr. 4.3 í starfsleyfi kemur fram að mælingar skuli gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Árið 2025 var NOX og ryk ekki mælt.

8. Grænt bókhald,

Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað fyrir 1. maí 2025.

9. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

10. Kvartanir

Hvorki stofnuninni né rekstraraðila hafa borist kvartanir vegna rekstrarins frá síðasta eftirliti.


11. Vettvangsferð

Gengið var um lóð rekstrarhafa. Talsvert af tækjum og efni frá sveitarfélaginu er geymt á lóðinni ásamt gömlum úrsérgengnum olíugeymum. Einnig er umtalsvert af bömbum með lífolíu geymdir á svæðinu á malaryfirborði án allra árekstrar og mengunarvarna.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftari ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna.

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Kristín Kröyer